

FUNDARGERÐ

251. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra haldinn föstudaginn 11. september 2026, kl. 8:30 í gegnum Teams

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Pórhallur Harðarson
Ásrún Ýr Gestsdóttir
Anna Karen Úlfarsdóttir
Ómar Gunnarsson
Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Porkelsson
Pórey Agnarsdóttir
Radek B. Dudziak

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Auto ehf. Setbergi á Svalbarðsströnd
3. Skútaberg á Moldhaugnahálsi
4. Skólphreinsistöð við Sandgerðisbót á Akureyri – ósk um endurskoðun starfsleyfis
5. Umsagnir
6. Útgefin starfsleyfi
7. Staðfestar skráningar
8. Uppsagnir ráðningarsamninga
9. Uppsagnir húsaleigusamninga
10. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits og staða starfsfólks
11. Haustþing SSNE
12. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 250. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 30. júlí sl. og var jafnframt fyrsti fundur nýrrar nefndar eftir sveitastjórnarkosningar. Á fundinum var meðal annars rætt um boðaðar lagabreytingar sem taka eiga gildi um næstu áramót og fela í sér niðurlagningu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og flutning eftirlitsverkefna frá sveitarfélögum til ríkisins.

2. Auto ehf. Setbergi á Svalbarðsströnd

Tekið fyrir erindi frá Auto ehf. dagsett 7. september sl. þar sem félagið óskar eftir að álagðar dagsektir verði felldar niður og að frekari dagsektir verði ekki lagðar á vegna málsins. Félagið vísar til þess að unnið hafi verið að úrbótum á athafnasvæðinu í samræmi við þá verkáætlun sem kynnt var nefndinni á fundi hennar 10. júní 2026.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að hætta álagningu dagsekta frá og með 11. september 2026, þar sem verulegur árangur hefur náðst við framkvæmd þeirra úrbóta sem krafist var. Nefndin telur hins vegar að ekki liggi enn fyrir fullnægjandi staðfesting á því að öllum úrbótum sé lokið og frestar því ákvörðun um niðurfellingu áfallinna og óinnheimtra dagsekta samkvæmt 3. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar til staðfest er að úrbótum sé að fullu lokið.

Nefndin felur starfsmönnum að fylgjast áfram með framvindu málsins og leggja fyrir næsta fund greinargerð um stöðu úrbóta ásamt tillögu um endanlega afgreiðslu málsins.

3. Skútaberg á Moldhaugnahálsi

Þrátt fyrir að vinna við að flytja vinnubúðaeiningar, gáma og aðra lausamuni inn á nýtt geymslusvæði sé hafin eru slíkir hlutir enn áberandi og vel sýnilegir frá þjóðvegi og ásynd svæðisins því enn óviðunandi.

Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að vinnu við tiltekt á svæðinu verði hraðað verulega. Nefndin minnir á að á 249. fundi sínum veitti hún fyrirtækinu frest til 1. ágúst 2026 til að ljúka umræddum úrbótum.

Nefndin krefst þess að fyrir 1. október 2026 liggi fyrir skrifleg og tímasett úrbótaáætlun um tiltekt á svæðinu og flutning gáma, vinnubúðaeininga og annarra lausamuna inn á geymslusvæðið. Jafnframt skal fyrir sama tíma hafa orðið verulegar og sýnilegar umbætur á ásynd svæðisins, einkum hvað varðar þá lausamuni sem sýnilegir eru frá þjóðvegi.

Að mati nefndarinnar hefur sá frestur sem áður var veittur ekki skilað fullnægjandi úrbótum. Verði ekki orðið við framangreindum kröfum innan tilgreinds frests mun nefndin taka til ákvörðunar beitingu þvingunarúrræða samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar á meðal álagningu dagsekta.

4. Skólphreinsistöð við Sandgerðisbót á Akureyri – ósk um endurskoðun starfsleyfis

Lagt er fram erindi frá Norðurorku hf., þar sem óskað er eftir endurskoðun starfsleyfis fyrir skólphreinsistöðina við Sandgerðisbót. Óskað er eftir að felld verði brott krafa um reglubundnar mælingar á forgangsefnum samkvæmt listum I, II og III í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og þess í stað verði kveðið á um heimild eftirlitsaðila til að krefjast slíkra mælinga ef tilefni er til. Jafnframt eru lagðar til breytingar á starfsleyfinu vegna gildistöku reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, auk annarra breytinga sem leiða af breyttum aðstæðum. Með erindinu fylgja drög að uppfærðu starfsleyfi og vöktunaráætlun fyrir tímabilið 2026-2030

Heilbrigðisnefnd samþykkir að felld verði niður krafa um reglubundnar mælingar á forgangsefnum enda liggja fyrir að Umhverfis- og orkustofnun telji ekki þörf á slíkri vöktun að svo stöddu. Í staðinn verði sett ákvæði í starfsleyfið um að eftirlitsaðili geti krafist mælinga á forgangsefnum ef niðurstöður vöktunar, breytingar á starfsemi eða aðrar upplýsingar gefa tilefni til þess.

Nefndin felur starfsmönnum HNE að yfirfara starfsleyfið í heild og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru vegna gildistöku reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, uppfærðra viðmiða um vöktun og annarra breyttra forsenda starfseminnar.

5. Umsagnir

1. Umsögn um vinnslutillögu deiliskipulags fyrir hesthúsasvæðið Hringsholt í Dalvíkurbyggð
2. Umsögn um vinnslutillögu deiliskipulag íbúðarsvæðisins Vaðlaborga B í Svalbarðsstrandarhreppi
3. Umsögn um tillögu að nýju aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2025-2045
4. umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir íbúðarlóðir við Geldingsá í Svalbarðsstrandarhreppi
5. umsögn um deiliskipulagstillögu hesthúsasvæðisins Hringsholts í Dalvíkurbyggð
6. Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna framleiðsluaukningar Silfurstjörnnunnar á Núpsmýri í Öxarfirði
7. Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hlíðarvelli á Akureyri
8. Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna Staðarárvirkjunar í Bakkafirði
9. Umsögn um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna stækkunar ICE03 gangavers atNorth við Hlíðarvelli á Akureyri
10. Umsögn um deiliskipulagslýsingu fyrir frístundasvæði F6 í Eyjafjarðarsveit
11. Umsögn um deiliskipulagslýsingu fyrir íbúðarsvæði ÍB31 og ÍB32 á Svalbarðsströnd

6. Útgefin starfsleyfi

1. Nutris ehf. kt. 410201-2240 – við Skíðabraut 620 Dalvík – tjaldstæði
2. Guðlaug Linda Harðardóttir kt. 161287-4079 – Hamragerði 16,600 Akureyri - sala fæðubótarefna
3. Vetrarvíddir ehf. kt. 640524-0490 – Prastarlundur, 604 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
4. SL2 ehf. kt. 431123-0450 – Syðra Laugalandi 2, 605 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
5. Akureyrarbær kt. 410169-6229 – Naustagata 6, 600 Akureyri- leikskóli
6. Hugrún Jana Emilsdóttir kt. 210207-3110 – Sandskeið 22, 620 Dalvík – naglastofa
7. Nordurlandia paradís ehf. kt. 660922-1130 – Glerártorg, 600 Akureyri – kaffihús
8. Akurós ehf. kt. 510725-0260 – Fjölnisgata 1b, 603 Akureyri – matvælaframleiðsla
9. Marin Birnisdóttir kt. 180203-4190 – Njarðarnes 4, 603 Akureyri – snyrti- og naglastofa
10. Smash amigos ehf. kt. 540726-1670 – Iðunn mathöll, Glerártorg, 600 Akureyri – veitingastaður í mathöll
11. MeiSauna ehf. kt. 550721-1550 – Oddeyrarbót 600 Akureyri – fargufubað - ***Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt***

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

7. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar fyrir eftirtalda atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Sigvaldi Már Guðmundsson kt. 250173-3509 – Grænagata 6, 600 Akureyri – niðurrif mannvirkja
2. Súlur Björgunarsveit Akureyri kt. 640999-2689 – Akureyrarvelli, 600 Akureyri – flugeldasýning 2. ágúst 2026
3. Jóna Aðalheiður Pálmadóttir kt. 220879-4539 – Brautarhóli, 606 Akureyri – niðurrif mannvirkja
4. Björgunarsveitin Garðar kt. 600281-0469 – Klettabrún við Sjóböðin, 640 Húsavík – flugeldasýning 26. september 2026
5. M og S ehf. kt. 660218-1300 – Sjafnarnes 9, 603 Akureyri – steypustöð
6. Hörgársveit kt. 510101-3830 – við hafnargarðinn á Hjalteyri – flugeldasýning 1. ágúst 2026
7. Náttúruverndarstofnun kt. 700924-1570 – við Dettifoss, 671 Kópasker – almenningssalerni
8. Hildur Stefánsdóttir kt. 290256-5509 - Frostagata 6b, 603 Akureyri – hársnyrtistofa
9. Þingeyjarsveit kt. 550322-1100 -Kjarna, 650 Laugum - hársnyrtistofa, kírópraktor, nuddstofa og sjúkraþjálfun
10. Björgvin Jónsson kt. 300386-2379, Björgum 2, 604 Akureyri – meindýravarnir og garðaúðun
11. Stable Stop ehf. kt. 600318-2090, Ytri Bægisá 1, 604 Akureyri – hestaleiga og/eða reiðskóli
12. Knattspyrnudeild K.A. kt. 510991-1849, KA völlur 600 Akureyri – flugeldasýning 19. september 2026

8. Uppsagnir ráðningarsamninga

Með hliðsjón af því að verkefni Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra flytjast til ríkisins um næstu áramót og starfsemi eftirlitsins í núverandi mynd verður lögð niður, samþykkir heilbrigðisnefnd að ráðningarsamningum starfsmanna HNE verði sagt upp fyrir lok september 2026. Framkvæmdastjóra og eftir atvikum formanni nefndarinnar er falið að annast framkvæmd uppsagnanna í samræmi við ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og lögbundin réttindi starfsmanna.

Samþykkt samhljóða

9. Uppsagnir húsaleigusamninga

Samningi um leigu húsnæðis að Furuvöllum 1 á Akureyri hefur verið sagt upp. Uppsagnarfrestur samkvæmt samningnum er sex mánuðir. Í samningnum er jafnframt kveðið á um að breytist forsendur starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna lagabreytinga eða annarra stjórnsýslubreytinga skuli samningsaðilar taka upp viðræður um lok samningsins. Slíkar viðræður við leigusala eru hafnar.

Uppsagnarfrestur vegna skrifstofuhúsnæðis HNE að Hafnarstétt 3 á Húsavík er einn mánuður. Leigusala hefur þegar verið tilkynnt að uppsögn samningsins sé fyrirhuguð.

10. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits og staða starfsfólks

Heilbrigðisnefnd harmar að enn hafi ekki tekist að eyða þeirri óvissu sem ríkir meðal starfsfólks heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þrátt fyrir að við meðferð málsins á Alþingi hafi verið lögð sérstök áhersla á að staða starfsfólks yrði skýrð eins fljótt og unnt væri. Í þeim gögnum sem Alþingi voru kynnt kom jafnframt fram að stefnt væri að því að ráðningarbréf yrðu send þeim starfsmönnum sem byðist starf hjá ríkisstofnunum áður en til uppsagna kæmi.

Fulltrúar Umhverfis- og orkustofnunar, atvinnuvegaráðuneytisins og KPMG funduðu með starfsfólki HNE í lok ágúst. Í kjölfarið var send út könnun þar sem kannaður var áhugi starfsfólks á störfum hjá Umhverfis- og orkustofnun og Stofnun atvinnuveganna. Þrátt fyrir það liggja enn ekki fyrir skýrar upplýsingar um endanlegan fjölda starfa, staðsetningu starfsstöðva, starfslýsingar, launakjör eða aðra lykilþætti sem varða framtíð starfsfólks.

Með hliðsjón af því að ráðningarsamningum starfsmanna HNE verður sagt upp fyrir lok september er afar brýnt að starfsfólki berist skýrar upplýsingar um framtíðarstörf sín án frekari tafa svo efndir verði á þeim fyrirheitum sem gefin voru um að ráðning starfsmanna yrði frágengin áður en til uppsagna kæmi.

11. Haustþing SSNE

Á haustþingi SSNE, sem haldið var á Dalvík 9. september sl., var rætt um þær breytingar sem verða á fyrirkomulagi heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um næstu áramót. Formaður heilbrigðisnefndar flutti erindi á þinginu ásamt fulltrúa Umhverfis- og orkustofnunar.

Þórhallur Harðarson gerði grein fyrir umræðum á þinginu og samþykkt þess

12. Önnur mál

- Næsti fundur er áætlaður 30. október

Fundi slitið kl. 9:55

Undirritunarsíða

Formaður Heilbrigðisnefndar
Þórhallur Harðarson

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Ómar Gunnarsson

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Ásrún Ýr Gestsdóttir

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Radosław Bolesław Dudziak